EM Orka ehf.
Suðurvangur 19a, Hafnarfjörður
E: rr@emp.group
T: +354.899.0952

Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið
Bt. Skrifstofa landgæða
Skuggasund 1
101 Reykjavík

10. Febrúar 2021

Efni: Umsögn EM Orku við drögum að breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (málmeðferð virkjunarkosta í vindorku)

EM Orka fagnar frumvarpinu og þingsályktuninni þar sem það eyðir að lokum réttaróvissu varðandi vindorku og rammaáætlun. Hins vegar viljum við leggja til nokkrar breytingar á hvoru tveggja.

Varðandi þátttöku ráðherranna í ferlinu eins og lýst er í c-lið 10. gr. í frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 48/2011

> *"Fallist ráðherra ekki á tillögu verkefnisstjórnar skal hann rökstyðja þá ákvörðun sína og tilkynna umsækjanda og er stjórnvöldum þá óheimilt að veita leyfi til nýtingar virkjunarkostsins innan svæðisins."*

Verkefnastjórn rammaáætlunar er fjölbreyttur hópur sem bæði umhverfis- og orkumálaráðherra hafa hönd í að skipa og leitast hópurinn eftir faglegu áliti sérfræðinga á viðkomandi sviðum og skilar eftir 4 ára vinnu uppröðun verkefna með rökstuðningi. Rannsóknarvinna rammaáætlunar eru í samræmi við sífellt ítarlegri rannsóknir sem eiga sér stað í skipulagsferlinu og síðar við mat á umhverfisáhrifum og þá línu ætti ekki að rjúfa pólitískri ákvörðun.

Höfnun ráðherra væri mjög líklega pólitísk ákvörðun fremur en vísindaleg þar sem ekki er tiltekinn nein stofnun né nefnd sem ráðherra myndi sækjast eftir áliti eða rökstuðningi hjá. Ráðherra sjálfur hefur hvorki tíma né yfirsýn til skoða málið jafn gagngert og fjölskipuð verkefnastjórn rammaáætlunar. Því er hætta á að höfnun hans sé byggð á skorti á rannsóknum og myndi hallast að pólitískri hlutdrægni.

Þar sem ferlið þarf endanlegt samþykki stjórnvalds væri eðlilegra að láta ferlið enda með sameiginlegri ákvörðun umhverfisráðherrans og orkumálaráðherra þar sem þeir gegna báðir stóru hlutverki við val á meðlimum í verkefnastjórn rammaáætlunar. Þannig er minnkar hættan á einhliða pólitískri ákvörðun bæði í reynd og ásýnd.

Varðandi tímaramma ráðherrans til að sannreyna niðurstöður verkefnastjórnar eins og lýst er í c-lið 10. gr. í frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 48/2011

Frumvarpið segir ekki til um neinn tímaramma sem ráðherra hefur til að staðfesta niðurstöðu verkefnastjórnar rammaáætlunar og því gæti ferlið dregist til loka kjörtímabilsins og þar með er skilvirkni breytinganna engin. Óljós tímarammi er það sem hefur hrjáð samþykktarferli rammaáætlunnar fram til þessa. Þannig myndi nýtt ferli með sömu óljósu tímamörkum og áður ekki skila neinni skilvirkni og þar með ekki í samræmi við eitt meginmarkmið þessa frumvarps, „að gera leyfisferli fyrir nýtingu vindorku skilvirkara en nú er".

Directors: Diarmuid Anthony Twomey, Seán Gerard mac Cann. EM Orka ehf. is a private limited company registered in Iceland under company number 641017-2990. **Registered office:** Suðurvangur 19a, 220 Hafnarfjörður.

EM Orka ehf.
Suðurvangur 19a, Hafnarfjörður
E: rr@emp.group
T: +354.899.0952

Varðandi 10 km jaðarsvæði eins og lýst er í „2.2. Svæði innan 10 km í nágrenni friðlýstra svæða í flokki 1. “ í tillögu til þingsályktunar um stefnu ríkisstjórnarinnar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands

Reglur og lög verða að vera til staðar þegar fyrirætlanir eru um verkefni innan verndra svæða, hins vegar er yfirdrifið að setja öll verkefni sem eru innan en að bæta við 10 km jaðarsvæðis undir sama hatt þar sem nánast allt svæði annað en vernduð svæði og miðhálendi fellur þar undir. Ef lítill greinarmunur er gerður á verkefnum innan gula svæðisins eykst hættan á hlutdrægri óvísindalegri höfnun þar sem verkefni hafa ekki klárað rannsóknir sem annars mætti búist við í umhverfisáhrifum framkvæmda. Án slíkra rannsókna geta verkefni ekki varið sig gegn óvísindalegum alhæfingum og eiga á hættu að verða stöðvuð ótímabært. Réttast væri að brjóta þetta svæði betur upp. Á því stigi sem rammaáætlun tekur við hugmyndum er ekki hægt að gera slíkar kröfur sem mat á umhverfisáhrifum krefst.

Vel ígrunduð og vísindaleg ályktun verkefnisstjórnar rammaáætlunnar ætti ekki að víkja fyrir pólitískri hlutdrægni. Ef verkefnisstjórn rammaáætlunnar yfirsést óljós atriði sem gæti reynst hafa neikvæð áhrif eru slík atriði leidd fram í dagljósið í mun nákvæmari rannsóknum á umhverfismati áætlana (sem hluti af aðalskipulagi sveitarfélaga) og umhverfismati framkvæmda.

Varðandi nálægð við vernduð fuglasvæði í „2.2. Svæði innan 10 km í nágrenni verndarsvæða í flokki 1. “ í tillögu til þingsályktunar um stefnu ríkisstjórnarinnar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands

Það eru engar ráðlagðar aðgerðir til að grípa til ef vindorku kostur fellur innan 10 km jaðars verndaðs fuglasvæðis.

Stöðugt og síendurtekið samneyti fugla og vindmylla er það sem veldur skaða þar sem fuglar sýna almennt mikla forðun við vindmyllur. Ef tilgangur verndarsvæðisins er að vernda eða varðveita fuglalíf innan þess, þá ætti að beina rannsóknum innan jaðarsvæðisins að því hvort fyrirhuguð framkvæmd sé á meginleið milli varpstöðva fugla innan friðlýsta svæðisins og þar sem þeir kjósa að leita sér ætis utan þess. Miðað við háa almenna forðun er mjög ólíklegt að staðsetning 10 km frá mörkum verndarsvæðis sé á meginfarleið ættu 5 km að duga.

Ef staðsetningin er ekki skilgreind innan mikilvægs fuglasvæðis ætti að gera ítarlega sundurliðun á rannsóknum á fuglum í umhverfismati framkvæmda.

EM Orka ehf.
Suðurvangur 19a, Hafnarfjörður
E: rr@emp.group
T: +354.899.0952

Varðandi skyggni frá afmörkuðu svæði í „2.2. Svæði innan 10 km í nágrenni verndarsvæða í flokki 1. “ í tillögu til þingsályktunar um stefnu ríkisstjórnarinnar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.

> *„Hafi meginmarkmið og tilgangur friðlýsingar verið að vernda eða varðveita landslag eða landslagsheildir, víðfem óröskuð svæði, eða á grundvelli þess að þau njóti náttúrufarslegrar, fagurfræðilegrar eða menningarlegrar sérstöðu, skal leggja mat á það út frá eðli svæðisins hvort fyrirliggjandi virkjunarhugmyndir, eins og þær eru fram settar, valdi það neikvæðum sjónrænum, hljóðrænum, eða öðrum áhrifum, að þær komi til með að rýra gildi hins friðlýsta svæðis.“*

Fyrir sanngjarnt sjónrænt mat þarf að réttlæta niðurstöðurnar sem vægi sjónrænna áhrifa. Ef niðurstaðan er eingöngu sú að manngerður hlutur í sjónlínu hafi annað hvort neikvæð áhrif eða ekki, þá getur niðurstaðan verið lituð af hlutdrægni.

Ríkarður Örn Ragnarsson
Verkefnastjóri EM Orku.

Directors: Diarmuid Anthony Twomey, Seán Gerard mac Cann. EM Orka ehf. is a private limited company registered in Iceland under company number 641017-2990. **Registered office:** Suðurvangur 19a, 220 Hafnarfjörður.